

Mánudaginn 26. september 1955.

Nr. 94/1955. Kristján Bjarnason

gegn

Guðmundi og Sigurði Eyjólfssonum og Arn-  
þrúði Guðjónsdóttur f. h. dánarbús Eyjólfss  
Guðmundssonar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunarkrafa. Héraðsdómur ómerktur.

### Dómur Hæstaréttar.

Sigurgeir Jónsson, dómari samkvæmt umboðsskrá, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með kæru 9. júlí 1955, sem hingað barst 12. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar dóm aukadómþings Skafta-fellssýslu, uppkveðinn 9. júlí 1955, en með honum var sök sókn-araðilja á hendur varnaraðiljum vísað frá dómi. Krefst sókn-araðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum kærumálskostn-að eftir mati dómsins.

Varnaraðiljar krefjast þess, að héraðsdómurinn verði stað-festur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumáls-kostnað.

Fyrir héraðsdómi hefur sóknaraðili krafist þess, að dæmd verði ógild yfirlandskiptagerð, kveðin upp hinn 10. maí 1952, á jörð hans, Hvoli II í Dyrhólahreppi í Skaftafellssýslu, og jörðinni Hvoli I í sama hreppi, og eru málsástæður hans, að hann hafi orðið mjög vanhluta við landskiptin.

Rétt er þeim, sem mishaldinn þykist vera við landskipti, að leita úrlausnar fyrir dómstólum á því, hvort löglega hafi verið að þeim farið, og standa ákvæði 3. tl. 1. gr. laga nr. 46/1941 því eigi í vegi, að sóknaraðili beri lögmati yfirlandskipt-anna undir dómstóla.

Varnaraðiljar halda því fram, að sóknaraðili hafi með tómlæti um vefengingu á yfirlandskiptunum spillt rétti sínum til að leita til dómstóla um ógildingu á þeim. Sóknaraðili

ritaði þegar 25. maí 1952 sýslumanni í Skaftafellssýslu bréf og krafðist þess, að dómkvaddir yrðu hæfir menn til að láta í té álitsgerð um yfirlandskiptin, og í bréfi til varnaraðilja 26. maí 1952 áskildi sóknaraðili sér rétt til að vefengja yfirlandskiptin. Í maí 1953 ítrekaði hann í bréfi til sýslumanns beiðni sína um dómkvaðningu kunnáttumanna. Á hann því eigi sök á því, að dómkvaðning fór eigi fram fyrr en 6. maí 1954, og hefur hann eigi glatað rétti af þeim sökum.

Varnaraðiljar staðhæfa, að sóknaraðili hafi með miklum skurðgrefti og öðrum framkvæmdum á landi því, sem honum var úthlutað við yfirlandskiptin, glatað rétti sínum til að bera lögmæti þeirra undir dómstóla. Eigi verður kannað til hlítar nema með aðstoð sérkunnáttumanna á vettvangi, hvort nefndar athafnir sóknaraðilja skjóta loku fyrir ný landskipti. Þar sem þetta réttarfarsatriði og svo efnisatriði málsins, ef til kemur, eru þannig löguð, að rétt var og nauðsyn, að kunnáttumenn væru nefndir til dómsetu með héraðsdómara samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919, en slík dómnefna hefur eigi farið fram, ber að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Kröfur um málskostnað verða eigi teknar til greina, en greiða ber úr ríkissjóði málflutningslaun talsmanns sóknaraðilja fyrir Hæstarétti, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, og málflutningslaun talsmanns varnaraðilja fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 600.00 til hvors.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Kröfur um málskostnað eru eigi til greina teknar, en málflutningslaun talsmanns sóknaraðilja fyrir Hæstarétti, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, og málflutningslaun talsmanns varnaraðilja fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 600.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

### **Dómur aukadómpings Skaftafellssýslu 9. júlí 1955.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 1. þ. m., er höfðað fyrir aukadómpingi Skaftafellssýslu af Kristjáni Bjarnasyni, bónda að Hvoli II í Dyrhólahreppi, gegn Guðmundi og Sigurði Eyjólfssonum, ábúendum Hvols I í sama hreppi, og Arnþrúði Guðjónsdóttur, sama stað, f. h. dánarbús Eyjólfs Guðmundssonar, eiganda Hvols I, með stefnu, útgefinni 6. maí 1955. Stefnandi hefur með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 19. apríl 1955, fengið gjafsókn í málinu, og stefndu hafa með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 16. júní 1955, fengið gjafvörn í málinu.

Kröfur stefnanda eru þær, að hrundið verði með dómi yfirlandskiptagerð milli jarðanna Hvols I og Hvols II frá 10. maí 1952 og að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða honum málskostnað, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast þess *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi, en *til vara*, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða þeim málskostnað eftir mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Málavextir eru þeir, að í september 1951 fóru fram skipti á landi Hvols í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, sem var óskipt sameign stefnanda og Eyjólfs heitins Guðmundssonar. Landskiptum þessum var skotið til yfirlandskiptamanna, sem framkvæmdu yfirlandskipti með yfirlandskiptagerð, dagsettri 10. maí 1952. Stefnandi, sem ekki vildi una yfirlandskiptunum, byggir riftunarkröfu sína á því, að skipti þessi séu, jafnvel þótt þau kunni að vera lögleg að ytra formi, að efni til svo misheppnuð og í sumum atriðum jafnvel fráleit, að ekki verði við unað, þar eð þau halli stórlega á Hvol II í öllu tilliti. Ætla megi, að yfirlandskiptin hafi að nokkru verið byggð á röngum forsendum og án nægilega undirbyggðs grundvallar. Þessu til stuðnings hefur stefnandi m. a. bent á álitserð tveggja dómkvaddra manna, sem hann telur sanna, að yfirlandskiptin séu ranglát og sér mjög óhagkvæm að efni til.

Frávísunarkröfu sína byggja stefndu á því, að niðurstaða löglega framkvæmdra yfirlandskipta sé bindandi fyrir alla aðilja. Þau halda því fram, að þar sem engar athugasemdir hafi komið fram um ytra form landskiptanna, kvaðningu skiptamanna, hæfileika þeirra eða neitt annað en að landskiptin séu röng að efni til, þá séu þau bindandi, og verði úrlausn yfirlandskiptanna ekki haggað af dómstólum, enda sé hvergi gert ráð fyrir því í lögum, að yfirlandskiptum verði skotið undir úrlausn dómstóla eða hrundið með því móti. Halda þau því fram, að ef yfirlandskiptagjörð, sem sé löglega til stofnað og löglega framkvæmd, halli verulega á einhvern aðilja að efni til, þá geti dómstólar einungis dæmt skaðabætur, en ekki ógilt sjálf yfirlandskiptin. Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi í orði og með framkvæmdum sínum í samræmi við yfirlandskiptin, sam-

þykkt þau. Með vísan til þessa alls sé ljóst, að mál þetta heyrir ekki undir dómstólana og verði því að vísa því frá dómi.

Stefnandi krefst þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið. Kröfu sína byggir hann í fyrsta lagi á því, að frávísunarkrafan sé of seint fram komin. Þá hefur hann talið, að hún styðjist ekki við lagaleg rök, heimilt sé að skjóta yfirlandskiptum til dómstólanna og fá úrlausn þeirra um þessi efni. Það væri sýknuástæða, en ekki frávísun, ef ekki þætti í þessu máli grundvöllur til riftunar yfirlandskiptanna. Þá er á það bent af stefnanda, að yfirlandskiptið séu ekki tæmandi, í þeim séu eyður, sem fylla þurfi út í, og að yfirlandskiptamennirnir hafi ekki farið rétt að eða gætt réttra sjónarmiða við skiptin. Þá er því mótmælt, að stefnandi hafi í orði eða verki samþykkt yfirlandskiptin. Loks hefur stefnandi tekið fram, að þýðingarlaust hefði verið fyrir sig að beiðast endurskipta samkvæmt 3. tölulið 1. gr. landskiptalaga nr. 46/1941 vegna afstöðu skiptamanna í sambandi við mál þetta, enda sé ákvæði þetta aðeins heimild til að fara þessa leið, en engin skylda hvíli á aðiljum að nota hana.

Mál þetta er þingfest 25. maí s.l. Fékk umboðsmaður stefndu frest til 18. júní til samningar greinargerðar. Var málið þá fyrir tekið, en umboðsmaður stefndu óskaði eftir einnar viku framhaldsfresti í sama skyni, og var sá frestur veittur með samþykki umboðsmanns stefnanda. Í þinghaldi 26. júní lögðu stefndu fram greinargerð, og var frávísunarkrafan þar fram borin. Frávísunarkröfuna verður því að telja á réttum tíma fram komna, sbr. 1. mgr. 108. gr., sbr. 1. mgr. 106. gr. laga nr. 85/1936.

Aðalkrafa stefnanda í máli þessu, að yfirlandskiptunum verði riftað með dómi, er byggð á því, að þau séu röng að efni til, en ekki er haldið fram ólögmati þeirra að formi til, og ekki eru nein gögn í máli þessu, er bendi til þess. Í 3. tölulið 1. gr. landskiptalaga nr. 46 frá 1941 segir svo: „Nú þykir einum eða fleiri aðiljum, að lögfest skipti séu óhagkvæm, og getur þá hver einstakur aðili krafizt endurskipta. Eigi skulu matsmenn taka slíka kröfu til greina, nema þeir telji, að úr megi bæta öðrum aðiljum að skaðlausu.“

Stefnandi máls þessa hefur ekki notfært sér heimild þessa. Með landskiptalögunum eru settar reglur um, hvernig skuli skipta landi jarða, og er þar gert ráð fyrir, að með aðgerðum þeim, sem lögin fjalla um, fáiist endanlegar úrlausnir á landskiptum. Enda þótt ákvæði laganna verði eigi talin útiloka, að landskipti verði borin undir dómstóla, verður þó að telja, að nota beri að fullu þá möguleika, sem landskiptalögin veita til breytinga á landskiptum að efni til, áður en mál verði borin undir dómstóla til úrlausnar kröfu um riftingu á landskiptum, sem ekki eru vefengd að formi til, en byggð á því einu, að niðurstöður séu efnislega rangar. Þegar þetta er virt, þykir ekki fært að leggja dóm á málið, og ber því að vísa því frá.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, en málflutningslaun talsmanns stefnanda, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, og talsmanns stefndu, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

#### Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður, en málflutningslaun talsmanns stefnanda, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, og talsmanns stefndu, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 28. september 1955.

Nr. 80/1955. Ákærvaldið (Guttormur Erlendsson)

gegn

Ellert Haraldssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum.

#### Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Þorgarfjarðar-sýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Fram er komið í málinu, að dómi þeim yfir ákærða frá 30. desember 1948, er í héraðsdómi getur, var eigi fullnægt fyrir en eftir 21. október 1953. Hefur sá dómur því ítrekunarverkun á brot það, sem ákærði er nú sóttur til sakar fyrir, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Brot ákærða varðar við 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. laga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941 og 2. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, þar á meðal málflutningslauna sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.